

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, vegna Drangsskarðs 15/Hádegisskarðs 22.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 var samþykkt á afgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 7. maí 2025 breyting á deiliskipulagi Skarðshlíðar, 2. áfanga, vegna Drangsskarðs 15/Hádegisskarðs 22. Breytingin felst í fjölgun íbúða úr sex í sjö íbúðir þar sem þrjú hús eru með tveimur íbúðum og eitt hús með einni íbúð. Byggingarmagn helst óbreytt. Bætt er við einu bílastæði. Að öðru leyti gilda skilmálar gildandi deiliskipulags.

Málsmeðferð var skv. 2. mgr. 43. gr. ofangreindra laga.

Uppdráttur ásamt greinargerð og skipulagsskilmálum hafa hlotið þá meðferð sem ofangreind lög mæla fyrir um. Deiliskipulagið öðlast þegar gildi.

Hafnarfirði, 9. maí 2025.

F.h. skipulagsfulltrúa,
Aleksandra Wegrzyniak, þjónustufulltrúi á tæknisviði.

B deild - Útgáfudagur: 23. maí 2025